

---

## Fréttatilkynning

### Góður gangur á fyrri hluta árs

- Tekjur Brims af vörusölu voru 242 milljónir evra á fyrri helmingi ársins samanborið við 200 milljónir evra á fyrri árshelmingi 2021. Hagnaður var 49 milljónir evra samanborið við 23 milljónir evra á fyrri helming árs 2021. EBITDA hagnaður var 68 milljónir evra sem nam að hlutfalli 28.1% af tekjum.
- Ástæður aukinna tekna og bættrar afkomu er umfangsmikil og góð loðnuvertíð, hagstæð verð á alþjóðamörkuðum og aukinn ávinningur af fjárfestingum félagsins undanfarin ár í skipum og aflaheimildum, hátækniúnaði við vinnslu og sölufélögum.
- Efnahagur félagsins hefur styrkst. Eignir hækkuðu um 42 milljónir evra frá áramótum og nam 838 milljónum evra í lok júní 2022. Þar af eigið fé 422 milljónir evra og er því eiginfjárlutfall 50,4%.

### Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Það var góður gangur hjá okkur í Brimi á fyrri hluta ársins og rekstur í samræmi við væntingar. Við sem störfum í sjávarútvegi vitum að sveiflur geta verið verulegar, bæði lýtur náttúran sínum lögmálum og þá breytast aðstæður á alþjóðamörkuðum hratt eins og við höfum séð á undanförunum árum. Loðnuvertíðin á árinu var góð sem hafði jákvæð áhrif á rekstur félagsins en á móti kemur að dregið var úr veiðiheimildum á þorski. Þá hefur stríð í Evrópu sem hófst í upphafi árs aukið kostnað í rekstri og haft áhrif á markaði fyrir afurðir okkar og aukið á óvissu.

Okkur í Brimi hefur borið gæfa til þess undanfarin ár að fjárfesta í skipum, aflaheimildum, hátækniúnaði í vinnslu og í sölufélögum en þær fjárfestingar hafa gert okkur betur kleift að takast á við sveiflur og nýta tækifærin sem felast í breytingum. Það hefur því verið góður og öruggur vöxtur í starfsemi Brims á árinu.

Efnahagur Brims er traustur. Eigið fé hefur aukist og er eiginfjárstaða félagsins góð sem gerir okkur fært að halda áfram á okkar leið að fjárfesta til framtíðar í mikilvægustu hlekkjum í virðiskeðju félagsins.“

Fréttatilkynning

Rekstur EUR '000	2F 2022	2F 2021	1H 2022	1H 2021
Seldar vörur	148.335	128.742	242.288	200.079
Kostnaðarverð seldra vara	(113.451)	(107.453)	(165.804)	(159.683)
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>34.884</b>	<b>21.289</b>	<b>76.484</b>	<b>40.396</b>
Útflutningskostnaður	(3.400)	(2.448)	(6.189)	(3.896)
Annar rekstrarkostnaður	(3.699)	(2.447)	(10.486)	(5.080)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>27.785</b>	<b>16.394</b>	<b>59.809</b>	<b>31.420</b>
Fjáreignatekjur	792	1.050	1.661	2.033
Fjármagnsgjöld	(1.925)	(2.127)	(3.726)	(3.966)
Gengismunur	838	(78)	976	(383)
Áhrif hlutdeildarféлага	739	152	1.834	565
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>28.229</b>	<b>15.391</b>	<b>60.554</b>	<b>29.669</b>
Tekjuskattur	(5.768)	(3.080)	(11.696)	(6.442)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>22.461</b>	<b>12.311</b>	<b>48.858</b>	<b>23.227</b>
<b>EBITDA</b>	<b>31.864</b>	<b>20.572</b>	<b>68.087</b>	<b>39.733</b>
<b>EBITDA%</b>	<b>21,5%</b>	<b>16,0%</b>	<b>28,1%</b>	<b>19,9%</b>

Seldar vörur námu á 1H 2022 242 m€ samanborið við 200 m€ árið áður. Hækkun rekstrartekna má rekja til mun umfangsmeiri loðnuvertíðar en árið áður.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 68 m€ eða 28,1% af rekstrartekjum, en var 40 m€ eða 19,9% árið áður.

Nettó fjármagnskostnaður var 1 m€ en var 2 m€ á fyrra árshelmingi 2021.

Hagnaður fyrir tekjuskatt var 61 m€, samanborið við 30 m€ á fyrra árshelmingi 2021. Tekjuskattur nam 12 m€, en var 6 m€ árið áður. Hagnaður tímabilsins varð því 49 m€ en var 23 m€ árið áður.

## Fréttatilkynning

### Efnahagur

EUR '000	30.06.2022	31.12.2021
Fastafjármunir	574.942	627.546
Veltufjármunir	262.898	168.360
<b>Eignir samtals</b>	<b>837.840</b>	<b>795.906</b>
Eigið fé	421.899	398.406
Langtímaskuldir	145.159	334.733
Skammtímaskuldir	270.782	62.767
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>837.840</b>	<b>795.906</b>

Heildareignir félagsins námu 838 m€ í lok 2F 2022. Þar af voru fastafjármunir 575 m€ og veltufjármunir 263 m€. Lækkun fastafjármuna má meðal annars rekja til innborgunar á lánveitingum frá tengdum félögum að fjárhæð 56 m€.

Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 422 m€ og var eiginfjárlutfall 50,4%, en var 50,0% í lok árs 2021. Heildarskuldir félagsins voru 416 m€ í lok tímabilsins og hækkuðu um 18 m€ frá áramótum. Hækkun skammtímaskulda er meðal annars vegna lokagjalddaga á sambankaláni móðurfélagsins, en unnið er að endurfjármögnun.

### Sjóðstreymi

EUR '000	2022 1.1.-30.6.	2021 1.1.-30.6.
Handbært fé frá rekstri	41.305	43.441
Fjárfestingarhreyfingar	51.000	(992)
Fjármögnunarhreyfingar	(26.260)	(33.253)
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>66.045</b>	<b>9.196</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>142.934</b>	<b>30.792</b>

Handbært fé frá rekstri nam 41 m€ á fyrra árshelmingi, en var 43 m€ á sama tíma 2021. Fjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 51 m€ og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 26 m€. Handbært fé hækkaði því um 66 m€ og var 143 m€ í lok tímabilsins.

### Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrra árshelmings ársins 2022 (1 evra = 141,5 ísk) voru tekjur 34,3 milljarðar króna, EBITDA 9,6 milljarðar og hagnaður 6,9 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2022 (1 evra = 138,9 ísk) voru eignir samtals 116,4 milljarðar króna, skuldir 57,8 milljarðar og eigið fé 58,6 milljarðar.

---

**Fréttatilkynning**

**Hluthafar**

Lokaverð hlutabréfa 30. júní 2022 var 86,5 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 167 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.783.

**Samþykkt árs hlutareiknings**

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 25. ágúst 2022. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

**Kynningarfundur þann 25. ágúst 2022**

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 25. ágúst klukkan 16:15 í vöruskemmu við höfuðstöðvar félagsins að Norðurgarði 1 þar sem boðið verður upp á léttar veitingar, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjörið. Fundinum verður jafnframt streymt og hægt verður að fylgjast með fundinum á [www.brim.is/streymi](http://www.brim.is/streymi). Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið [fjarfestatengsl@brim.is](mailto:fjarfestatengsl@brim.is). Aðsendum spurningum verður svarað í lok fundar.

**Brim hf.**

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

**Fjárhagsdagatal**

Þriðji ársfjórðungur	17. nóvember 2022
Fjórdi ársfjórðungur	24. febrúar 2023

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.